

Sp.

596. Nefndarálit

[19. mál]

um endurskipulagningu á olíuverzlun í landinu.

Frá minni hl. atvinnumálanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu þessarar þingsályktunartillögu. Meiri hlutinn vill vísa tillögunni til ríkisstjórnarinnar, en ég tel sjálfsagt, að hún verði samþykkt.

Tillagan gerir aðeins ráð fyrir, að kosin verði nefnd til að gera eins konar úttekt á solumálum eða söluaðferðum með olíuvörur. Mér finnst einsýnt, að þetta sé eina ráðið til að komast að raunhæfri niðurstöðu um það, hvernig hagkvæmast sé fyrir Íslendinga að haga sölu og dreifingu á olíuvörum, með því að málið sé allt athugað í heild. Ég get í raun og veru alls ekki áttað mig á því, hvers vegna ekki má kanna þetta mál, eins og svo mörg önnur.

Alþingi, 9. apríl 1973.

Pétur Pétursson.